

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Madopar Depot 100 mg/25 mg hörð forðahylki

levódópa/benserazíð

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að taka lyfið.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Pessu lyfi hefur verið ávísad til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Madopar Depot og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Madopar Depot
3. Hvernig nota á Madopar Depot
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Madopar Depot
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Madopar Depot og við hverju það er notað

- Madopar Depot er lyf við Parkinsonsveiki, sem tilheyrir floknum dópamínvirk efni.
- Madopar Depot eykur verkun dópamíns (boðefni í heila). Það dregur þar með úr einkennum Parkinsonsveiki eins og vöðvastíleika og skjálfta. Madopar Depot inniheldur 2 efni. Annars vegar levódópa sem bætir upp skort á dópamíni í heila og hins vegar benserazíð sem gerir það að verkum að nota þarf minna magn af levódópa.
- Madopar Depot á að taka við Parkinsonsveiki.

Verið getur að læknirinn hafi ávísad lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

2. Áður en byrjað er að nota Madopar Depot

Ekki má nota Madopar Depot

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir levódópa eða benserazíði eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- á meðgöngu.
- ef þú ert kona á barneignaraldri og notar ekki öruggar getnaðarvarnir.
- ef þú tekur ísókarboxazíð við þunglyndi (eða önnur lyf af flokki ósérhæfðra MAO-hemla). Madopar Depot má ekki taka fyrr en 2 vikum eftir að meðferð við þunglyndi hefur verið hætt. Leitið ráða hjá lækninum.
- ef tekin eru selegilin eða rasagilin við Parkinsonsveiki samtímis móklóbemíði við þunglyndi.
- ef þú ert yngri en 25 ára (þar sem beinagrindin þarf að vera fullþroskuð).
- ef þú ert með sjúkdóm í heiladingli, skjaldkirtli eða nýrnahettum.
- ef þú ert með lélega nýrnastarfsemi.
- ef þú ert með lélega lifrarstarfsemi.
- ef þú ert með hjartasjúkdóm (alvarlegar hjartsláttartruflanir eða hjartabilun).
- ef þú þjáist af geðsjúkdómi með geðrofseinkennum.
- ef þú ert með hækkaðan þrýsting í augum (gláka).
- ef þú færð bráðan geðsjúkdóm eða breytta hegðun og skilning á umhverfinu, sem og skort á áttun.

- ef þú þjáist af þunglyndi.
- ef þú ert með eða hefur áður fengið sár eða æxli í húð ef ekki er vitað með vissu hvort það er eða var góðkynja.

Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun Madopar Depot

Áður en meðferð með Madopar Depot hefst skaltu segja lækninum frá því ef þú

- ert með hjartasjúkdóm, svo sem þrengingar í kransæðum, óreglulegan hjartslátt eða hjartabilun.
- ert á meðferð með öðrum lyfjum við Parkinsonsveiki (levódópa). Yfirleitt stöðvar læknirinn meðferð með levódópa a.m.k. 12 klukkustundum áður en Madopar Depot er tekið.
- hefur fengið magasár. Koma má í veg fyrir óþægindi frá maga með því að taka Madopar Depot með mat eða vökv. Leitið ráða hjá lækninum.
- hefur fengið krampaköst.
- ert með sykursýki. Blóðsykur skal mæla reglulega. Kannski þarf læknirinn að breyta meðferðinni.
- ert með gláku. Við sum form af gláku (langvinna gleiðhornsgláku) má nota Madopar Depot, ef augnsjúkdómurinn er undir góðri stjórn. Leita skal ráða hjá lækninum undir öllum kringumstæðum.
- ert í meðferð með lyfjum sem hafa áhrif á miðtaugakerfi, svo sem morfíni og svipuðum efnum.
- ert aldraður/öldruð, notar lyf við of háum blóðþrýstingi eða ert með eða hefur verið með tiltekna gerð lágs blóðþrýstings sem nefnist réttstöðulágþrýstingur.

Hafa skal samband við lækni ef þú

- hefur áður verið á meðferð með levódópa (annað lyf við Parkinsonsveiki) og ósjálfráðar hreyfingar hafa komið fram við meðferð með Madopar Depot. Nauðsynlegt getur verið að læknirinn minnki skammta.
- færð ósjálfráðar hreyfingar og finnur fyrir breytingu á andlegri líðan. Nauðsynlegt getur verið að læknirinn minnki skammta.
- ert með eða færð þunglyndi.
- þarf að gangast undir aðgerð með svæfingu. Segja skal lækninum frá Madopar Depot meðferðinni.
- finnur fyrir ofnæmisviðbrögðum svo sem skyndilegum útbrotum á húð eða öndunarerfiðleikum.

Hafa skal strax samband við lækni, ef þú

- færð hita, umtalsverðan vöðvastirðleika og skapbreytingar. Einkenni geta verið lífshættuleg og þarfnað tafarlausrar læknismeðferðar.

Fylgjast skal vel með eftirfarandi atríðum:

- Meðferð með Madopar Depot getur valdið skyndilegum svefni við dagleg störf, stundum án þess að syfja komi fram. Því skal gæta sérstakrar varúðar við akstur bíla eða bifhjóla, hjólreiðar eða stjórnun vélá á meðan Madopar Depot er tekið. Leitið ráða hjá lækninum.
- Þegar Madopar Depot er tekið á að rannsaka blóð og þvag. Hjartastarfsemi er yfirleitt einnig rannsökuð.
- Við blóð- eða þvagrannsókn á alltaf að láta vita um Madopar Depot meðferðina, þar sem það getur haft áhrif á niðurstöður mælinga á blóðsykri, ketónum í þvagi og annarra mælinga. Leitið ráða hjá lækninum.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Látið lækninn vita ef þú eða fjölskylda/meðferðaraðili tekur eftir að þú hafir hvatir eða langanir til hegðunar sem er óvenjuleg fyrir þig eða ef þú stenst ekki hvatir eða freistaingar til að gera eitthvað sem getur skaðað þig eða aðra. Pessi hegðun er kölluð hvastastjórnunarröskun (impulse control disorder) og til hennar telst til dæmis spilafíkn, ofát eða ofeyðsla, óeðlilega mikil kynhvöt eða aukning á kynferðislegum hugsunum eða tilfinningum. Læknirinn gæti þurft að breyta meðferðinni.

Madopar Depot getur aukið líkur á æxli í húð. Vertu því á varðbergi gagnvart breytingum á húð og láttu lækninn vita ef vart verður við þær.

Madopar Depot getur valdið heilkenni sem leiðir til vandamála við að stjórna magni dópamíns (dópamínvanstjórnunarheilkenni). Þetta getur leitt til þess að þú notir meira af lyfinu en læknirinn ráðlagði og þú þarf að halda til að meðhöndla einkenni þín. Slík notkun getur leitt til vitrænna vandamála (vandamála við að skynja atburði og bregðast við þeim) og atferlisvandamála.

Notkun annarra lyfja samhliða Madopar Depot

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Þú mátt ekki taka Madopar Depot ef þú ert á meðferð með ísókarboxazíði (lyf við þunglyndi). Leitið ráða hjá lækninum.

Þú mátt ekki taka Madopar Depot ef þú tekur selegilin eða rasagilin við Parkinsonsveiki samtímis móklóbemíði við þunglyndi. Leitið ráða hjá lækninum.

Leitaðu ráða hjá lækninum, ef þú tekur

- önnur lyf við Parkinsonsveiki (t.d. selegilín, rasagilín, COMT-hemla eða andkólínvirk lyf). Nauðsynlegt getur verið að breyta Madopar Depot skammti.
- lyf við astma eða reykingalungum (langvinnum lungnateppusjúkdómi (KOL)) (andkólínvirk lyf).
- lyf við þunglyndi (t.d. móklóbemíð, þríhringlaga þunglyndislyf). Nauðsynlegt getur verið að breyta skammti.
- járn (járnsúlfat, járnglúkonat). Járn og Madopar Depot skal taka á mismunandi tínum. Leitið ráða hjá lækninum.
- lyf við ógleði og uppköstum (metóklópramíð og domperidon).
- lyf við geðklofa og öðrum geðsjúkdóum (risperidón, fenótíazín, bútýrofenón).
- lyf við flogaveiki (fenytóín).
- lyf við krömpum í meltingarvegi (papaverín).
- lyf við miklum verkjum (ópióíðar).
- lyf við berklum (ísóníazíð).
- lyf við háþrystingi, svo sem reserpín. Nauðsynlegt getur verið að breyta skammti.
- lyf sem verka á taugakerfið svo sem morfín og lík lyf.
- lyf við of mikilli magasýru (sýrubindandi lyf).

Láttu lækninn vita að þú sért að taka Madopar Depot ef þú þarf að fara í skurðaðgerð með fullri svæfingu.

Ef blóðþrystingur lækkar skyndilega og gefin er meðferð með stungulyfi (t.d. adrenalíni, noradrenalíni, ísóprenalíni eða dópamíni), skal segja lækninum frá Madopar Depot meðferðinni.

Notkun Madopar Depot með mat eða drykk

Madopar Depot forðahylki á að taka inn með glasi af vatni.

Leitið ráða hjá lækninum ef hápróteinfæði er notað.

Meðganga og brjósttagjöf

Leitið ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en lyf eru notuð.

Meðganga

Madopar Depot má ekki taka á meðgöngu.

Konur á barneignaraldri eiga að nota örugga getnaðarvörn á meðan Madopar Depot er tekið. Ráðlagt er að gera þungunarpróf áður en meðferð er hafin, til að útiloka þungun. Leitið ráða hjá lækninum.

Ef þú ert á Madopar Depot meðferð og grunur leikur á þungun skal tafarlaust leita til læknis.

Brjóstagjöf

Konur með barn á brjósti mega eingöngu taka Madopar Depot í samráði við lækninn.

Akstur og notkun véla

Madopar Depot getur verkað svo sljóvgandi á suma að það getur haft áhrif á hæfni til aksturs og stjórnunar véla.

Meðferð með Madopar Depot getur valdið skyndilegum svefni, jafnvel án þess að syfja komi fram. Því skal gæta sérstakrar varúðar við akstur bíla eða bifhjóla, hjólreiðar eða stjórnun véla á meðan Madopar Depot er tekið.

Ef syfja kemur fram eða skyndilegur, fyrirvaralaus svefn má ekki aka bíl, bifhjóli eða hjóla og heldur ekki stjórna tækjum eða vélum, þar sem skert athygli getur stofnað lífi og heilsu þinni og annarra í hættu. Leitið ráða hjá lækninum.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lægni eða lyfjafræðing.

Madopar Depot inniheldur sojaolíu

Madopar Depot inniheldur herta sojaolíu úr hertri jurtaolíu. Þeir sem eru með ofnæmi fyrir jarðhnetum eða sojabauum mega ekki nota lyfið.

3. Hvernig nota á Madopar Depot

Notið lyfið alltaf eins og læknirinn hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lækninum eða lyfjafræðingi.

Madopar Depot á að taka inn með glasi af vatni.

Forðahylkin á að gleypa í heilu lagi. Þau má ekki tyggja.

Venjulegur skammtur

Fullorðnir:

Madopar Depot skammtur er aðlagaður að þörfum hvers einstaklings.

Venjulega á að taka 1-2 Madopar Depot forðahylki 3-4 sinnum á dag.

Aðeins má breyta skammti eða stöðva meðferð í samráði við lækninn.

Ef fram koma óþægindi frá maga getur dugað að taka Madopar Depot með svolitum mat eða vökva. Magaóþægindi koma yfirleitt fram í upphafi Madopar Depot meðferðar. Leitið ráða hjá lækninum.

Ef tekinn er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lægni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222). Hafið umbúðir lyfsins við höndina.

Einkenni um ofskömmtu eru áhrif á hjarta eins og óreglulegur púls. Auk þess rugl, svefnleysi, ógleði, uppköst og óeðlilegar, ósjálfráðar hreyfingar.

Einkenni geta komið fram seinna vegna hægrar upptöku í maga og þörmum.

Ef gleymist að taka Madopar Depot

EKKI Á AÐ TVÖFALDA SKAMMT TIL AÐ BÆTA UPP SKAMMT SEM GLEYMST HEFUR AÐ TAKA. ÞÚ SKALT BARA TAKA NÆSTA SKAMMT EINS OG VENJULEGA.

Ef hætt er að nota Madopar Depot

Ekki má gera hlé á meðferð eða stöðva hana nema í samráði við lækninn. Ef taka á minni skammt þarf að minnka skammtinn hægt. Ef meðferð er skyndilega hætt eða ef skammturinn er verulega minnkaður geta komið fram margs konar óþægindi eins og hiti, umtalsverður vöðvastífleiki og skapbreytingar. Einkennin geta verið lífshættuleg og þarfnað tafarlausrar meðferðar.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Alvarlegar aukaverkanir

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (koma fram hjá 1 til 10 af hverjum 10.000 sjúklingum):

- Alvarlegt blóðleysi með gulu. Hafið samband við lækni eða slysadeild.
- Blæðing frá húð og slímhúðum og marblettir vegna breytinga í blóði (of fáar blóðflögur). Hafið samband við lækni eða slysadeild.
- Hár hiti, vöðvastirðleiki, mikil svitamyndun, takmörkuð meðvitund (illkynja sefunarheilkenni). Getur komið fram ef meðferð er skyndilega hætt og getur verið lífshættulegt. Hringið í 112.

Aukaverkanir, þar sem tíðni er ekki þekkt

- Blóðug uppköst og/eða svartar hægðir vegna blæðinga í maga og þörmum. Hafið strax samband við lækni eða slysadeild. Hringið í 112 ef við á.

Aukaverkanir sem ekki eru alvarlegar

Algengar eða mjög algengar aukaverkanir (koma fram hjá fleirum en 1 af hverjum 100 sjúklingum):

- Rugl.

Algengar aukaverkanir (koma fram hjá 1 til 10 af hverjum 100 sjúklingum):

- Punglyndi. Getur orðið alvarleg aukaverkun hjá sumum. Leitið ráða hjá lækninum.
- Ofskynjanir. Geta verið alvarlegar. Hafið samband við lækni eða slysadeild ef við á.
- Óreglulegur hjartsláttur. Getur verið eða orðið alvarlegt. Leitið ráða hjá lækninum.
- Sundl, hugsanlega yfirlíð þegar sest er upp úr liggjandi stöðu eða staðið er upp úr sitjandi stöðu vegna lágs blóðþrystings.
- Höfuðverkur.
- Sýkingar með hita.
- Berkjubólga.
- Kvef.
- Ósjálfráðar hreyfingar, t.d. í höndum, fingrum, fótum, andliti og tungu.
- Versnun á óróa í fótum (fótapirringur).
- Svefnleysi.
- Eirðarleysi, óróleiki, kvíði.
- Sveiflur í verkun Madopar Depot við langvarandi notkun.
- Niðurgangur, ógleði, uppköst, lystarleysi og munnþurrkur. Þessar aukaverkanir lagast stundum af sjálfu sér, ræðið það við lækninn.

Sjaldgæfar aukaverkanir (koma fram hjá 1 til 10 af hverjum 1.000 sjúklingum):

- Óreglulegur púls vegna aukasлага. Getur verið eða orðið alvarlegt. Talið við lækninn.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir (koma fram hjá 1 til 10 af hverjum 10.000 sjúklingum):

- Almennur sljóleiki, tilhneiting til bólgu (sýkingar), sérstaklega hálsbólgu og hita vegna breytinga í blóði (of fá hvít blóðkorn). Getur orðið alvarlegt. Ef þú færð hita skal strax hafa samband við lækni.
- Ofnæmisviðbrögð í húð eins og kláði og útbrot.

Aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir (koma fram hjá færri en 1 af hverjum 10.000 sjúklingum):

- Skyndilegur svefn að degi til. Getur verið eða orðið alvarlegt. Leitið ráða hjá lækninum.
- Hækkaður blóðþrýstingur. Leitið ráða hjá lækninum. Meðhöndla á of háan blóðþrýsting. Mikil hækkun á blóðþrýstingi er alvarleg.
- Ranghugmyndir. Getur verið eða orðið alvarlegt. Leitið ráða hjá lækninum.
- Litabreyting á þvagi, yfirleitt með rauðum bjarma.
- Óeðlileg þreyta og syfja að meðtalinni umtalsverðri þreytu að degi til.
- Bragðtruflanir.
- Tímabundinn skortur á áttun.

Aukaverkanir, þar sem tíðni er ekki þekkt

- Lystarleysi (lystarstol).
- Mislitun munnvatns.
- Mislitun tungu og tanna.
- Mislitun slímhúðar í munni.
- Dópamínvanstjórnunarheilkenni.

Madopar Depot getur auk þess valdið aukaverkunum sem þú finnur venjulega ekki fyrir. Þetta á við um breytingar á vissum rannsóknarstofuprófunum, t.d. áhrif á lifur, sem kemst í eðlilegt horf þegar meðferð er hætt.

Þú gætir einnig fundið fyrir eftirfarandi aukaverkunum:

Getuleysi til að standast hvatir eða freistigar til að gera eithvað sem getur verið skaðlegt fyrir þig eða aðra, þetta getur til dæmis verið:

- Sterkar hvatir til að stunda fjárhættuspil þrátt fyrir alvarlegar afleiðingar, fyrir þig eða fjölskylduna.
- Breyttur eða aukinn kynferðislegur áhugi og hegðun sem er verulegt áhyggjuefni fyrir þig eða aðra, til dæmis, aukin kynhvöt.
- Óstjórnandi kaupsýki eða ofeyðsla.
- Ofát (mikils magns matar neytt yfir stutt tímabil) eða áráttukennt át (meira magns af mat er neytt en þykir eðlilegt og meira en þörf er á til að seðja hungur).

Látið lækninn vita ef vart verður við hegðun sem talin er upp hér að framan, læknirinn mun ræða um leiðir til að ráða við eða draga úr einkennum.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Madopar Depot

- Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
- Geymið Madopar Depot í upprunalegum ytri umbúðum.
- Hafið ílátið vel lokað til varnar gegn raka.
- Madopar Depot má geyma við venjulegan stofuhita.
- Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum.
Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Madopar Depot inniheldur

- Virk innihaldsefni: Levódópa og benserazíð.
- Önnur innihaldsefni: Hýprómellósi, hert jurtaolíá, kalsíumhýdrógenfosfat, mannitól, talkúm, póvídon, magnesíumsterat.
Skel hylkisins inniheldur gelatínu ásamt litarefnunum gulu járnoxíði E172, titantvíoxíði E171 og indígótni E132.
Prentblekið inniheldur snefilmagn af rauðu járnoxíði E172.

Lýsing á últiti Madopar Depot og pakkningastærðir

Útlit

Madopar Depot eru tvílita forðahylki, ljósblá og dökkgræn með ROCHE merki.

Pakkningastærðir

Ílát með 100 hörðum forðahylkjum.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

Roche Pharmaceuticals A/S

Flaskehalsen 17, 4. hæð

1799 Kaupmannahöfn

Danmörk

Framleiðandi

Roche Pharma AG

Emil-Barell Str.1

79639 Grenzach-Wyhlen,

Pýskaland

Umboð á Íslandi

Icepharma hf, Lynghálsi 13, 110 Reykjavík.

Pessi fylgiseðill var síðast uppfærður í mars 2025.